

IS

BLIXTSNABB



Design and Quality
IKEA of Sweden



ÍSLENSKA

Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla veitendur eftirsöluþjónustu sem útnefndir hafa verið af IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

ÍSLENSKA

4

Efnisyfirlit

Öryggisupplýsingar	4	Umhirða og þrif	20
Öryggisleiðbeiningar	6	Bilanaleit	20
Uppsetning	8	Tæknigögn	23
Tenging við rafmagn	9	Orkunýtni	24
Vörulýsing	11	Umhverfismál	25
Dagleg notkun	13	IKEA-ÁBYRGÐ	25
Sveigjanlegt spansuðusvæði	15		
Leiðarvísir um eldunarílát	19		

Með fyrirvara á breytingum.

Öryggisupplýsingar

Fyrir upsetningu og notkun heimilistækisins skal lesa meðfylgjandi leiðbeiningar vandlega. Framleiðandinn er ekki ábyrgur fyrir tjóni ef röng upsetning eða notkun veldur meiðslum og skemmdum. Alltaf skal geyma leiðbeiningarnar með tækinu til síðari notkunar.

Öryggi barna og viðkvæmra einstaklinga

- Börn, 8 ára og eldri og fólk með minnkaða líkamlega-, skyn-eða andlega getu, eða sem skortir reynslu og þekkingu, mega nota þetta tæki, ef þau eru undir eftirliti eða hafa verið veittar leiðbeiningar varðandi örugga notkun tækisins og ef þau skilja hættuna sem því fylgir.
- Halda skal börnum á milli 3 og 8 ára gömlum og fólk með mjög miklar og flóknar fatlanir frá heimilistækinu, nema þau séu undir stöðugu eftirliti.
- Halda skal börnum yngri en 3 ára frá heimilistækinu nema þau séu undir stöðugu eftirliti.
- Leyfðu ekki börnum að leika sér með tækið.
- Haltu öllum umbúðum frá börnum og fargaðu þeim á viðeigandi hátt.

- Haltu börnum og gæludýrum fjarri heimilistækinu þegar það er í gangi eða þegar það kólnar. Aðgengilegir hlutir kunna að verða heitir meðan á notkun stendur.
- Ef heimilistækið er með barnalæsingu ætti hún að vera virkjuð.
- Börn eiga ekki að hreinsa eða framkvæma notandaviðhald á heimilistækinu án eftirlits.

Almennt öryggi

- VIÐVÖRUN: Heimilistækið og aðgengilegir hlutar þess hitna við notkun. Auðsýna ætti aðgát til að forðast að snerta hitaelementin.
- Notaðu ekki heimilistækið með utanáliggjandi tímastilli eða aðskildu fjarstýringarkerfi.
- VIÐVÖRUN: Eldun án eftirlits með fitu eða olíu á eldunarhellu getur verið hættuleg og leitt til eldsvoða.
- Reyndu ALDREI að slökkva eld með vatni, heldur skaltu slökkva á heimilistækinu og hylja logann t.d. með loki eða eldvarnarteppi.
- VARÚÐ: Eldunarferlið verður að vera undir eftirliti. Stutt eldunarferli verður stöðugt að vera undir eftirliti.
- VIÐVÖRUN: Hætta á eldsvoða: Geymdu ekki hluti á eldunarflötunum.
- Málmhluti eins og hnífa, gaffla, skeiðar og lok ætti ekki leggja ofan á eldunarhellurnar því þeir geta orðið heitir.
- Notaðu ekki heimilistækið áður en þú setur upp innbyggða virkið.
- Aftengdu heimilistækið frá rafmagnsgjafanum fyrir viðhald.
- Notaðu ekki gufuhreinsibúnað til að hreinsa heimilistækið.
- Eftir notkun skal slökkva á helluelementinu með stýringunni og ekki treysta á pönnunemann.
- Ef sprungur eru í keramíkglerfletinum / glerfletinum skal slökkva á heimilistækinu og taka það úr sambandi við

rafmagn. Ef heimilistækið er tengt beint við stofnæð með tengidós skal fjarlægja öryggið til að aftengja heimilistækið frá afgjafanum. Í báðum tilfellum skal hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

- Ef rafmagnssnúran er skemmd verður að fá nýja frá framleiðanda, viðurkenndri þjónustumiðstöð eða svipað hæfum aðila til þess að koma í veg fyrir hættu.
- **VIÐVÖRUN:** Notaðu aðeins helluborðshlífar sem hannaðar eru af framleiðanda eldunartækisins eða framleiðandi heimilistækisins bendir á í notkunarleiðbeiningunum sem hentugar, eða helluborðshlífar sem innfelldar eru íheimilistækið. Notkun óviðeigandi hlífa getur valdið slysum.

Öryggisleiðbeiningar

Uppsetning

- ⚠ **AÐVÖRUN!** Viðurkenndur uppsetningaraðili verður að segja heimilistækið upp.
- ⓘ Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu sem fylgja með heimilistækinu.
- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki skal setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Haltu lágmarksfjarlægð frá öðrum heimilistækjum og einingum.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Innsigla skal skorna fleti með þéttiefni til að koma í veg fyrir að raki valdi þenslu.
- Verndaðu botn heimilistækisins gegn gufu og raka.
- Ekki skal setja upp heimilistækið við hliðina á hurð eða undir glugga. Það kemur í veg fyrir að heit eldunarlít falli af tækinu þegar dyrnar eða glugginn er opnaður.

- Gakktu úr skugga um að rýmið undir helluborðinu sé nægilegt fyrir hrингrás lofts.
- Botn heimilistækisins getur orðið heitur. Ef heimilistækið er sett upp fyrir ofan skúffur skaltu gæta þess að setja óbrennanlegt aðgreiningarspjald undir heimilistækið til að koma í veg fyrir aðgang að botni þess.

Rafmagnstenging

- ⚠ **AÐVÖRUN!** Hætta á eldi og raflosti.
- Allar rafmagnstengingar skulu gerðar af viðurkenndum uppsetningaraðila.
- Heimilistækið verður að vera jarðtengt.
- Áður en framkvæmd er einhver vinna skal ganga úr skugga um að heimilistækið sé aftengt frá afgjafanum.
- Gakktu úr skugga um að færibreyturnar á merkiplötunni séu samhæfar við rafmagnsflokkun aðalæðar afgjafa.
- Gætta þess að heimilistækið sé rétt uppsett. Laus eða röng rafmagnssnúra eða kló (ef við á) getur valdið því að tengillinn verði of heitur.
- Notaðu rétta rafmagnssnúru.

- Gættu þess að rafmagnssnúran sé ekki flækta.
- Gættu þess að raflostsvörn sé til staðar.
- Notaðu álagsminnkandi klemmu á snúruna.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnssnúran eða klóin (ef við á) snerti ekki heitt heimilistækið eða heit eldunaráhöld þegar þú tengir heimilistækið við nærliggjandi innstungur.
- Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúrur.
- Gættu þess að rafmagnsklóin (ef við á) eða snúran verði ekki fyrir skemmdum. Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð eða rafvirkja til að skipta um skemmda rafmagnssnúru.
- Vörn lifandi og einangraðra hluta gegn raflosti verður að vera fest þannig að ekki sé hægt að fjarlægja hana án verkfæra.
- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok uppsetningaráinnar. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ef rafmagnsinnstungan er laus, skal ekki tengja rafmagnsklóna.
- Ekki toga í snúruna til að taka tækið úr sambandi. Taktu alltaf um klóna.
- Notaðu aðeins réttan einangrunarbúnað: Línuvarnarstraumloka, öryggi (öryggi með skrúfgangi fjarlægð úr höldunni), lekaliða og spólurofa.
- Rafmagnsuppsetningin verður að vera með einangrunarbúnað sem leyfir þér að aftenga tækið frá stofnæð á öllum pólum. Einangrunarbúnaðurinn verður að hafa að lágmarki 3 mm snertiopnunarvídd.

Notkun

- ⚠ AÐVÖRUN!** Hætta á meiðslum, bruna og raflosti.
- Fjarlægja skal allar umbúðir, merkingar og hlífðarfilmu (ef við á) fyrir fyrstu notkun.
 - Þetta heimilistæki er eingöngu ætlað til heimilisnota.
 - Breyttu ekki tæknilysingu fyrir þetta heimilistæki.

- Gættu þess að lofræstiop séu ekki stífluð.
- Láttu heimilistækið ekki vera án eftirlits á meðan það er í gangi.
- Stilltu eldunarhelluna á „slökkt“ eftir hverja notkun.
- Ekki treysta á þönnunemann.
- Settu ekki hnifapör eða pottlok á eldunarsvæðin. Bau geta hitnað.
- Notaðu ekki heimilistækið með blautar hendur eða þegar það er í snertingu við vatn.
- Notaðu ekki heimilistækið sem vinnusvæði eða geymslusvæði.
- Ef yfirborð heimilistækisins er sprungið skal samstundis aftengja það frá aflgjafa. Þetta er til að koma í veg fyrir raflost.
- Notendur sem eru með gangráð verða að vera í að lágmarki 30 cm fjarlægð frá spanhellum þegar heimilistækið er í gangi.
- Þegar þú setur mat í heita olíu geta myndast olíuskvettur.

⚠ AÐVÖRUN! Hætta á eldsvoða og sprengingu

- Fitur og olíur geta losað eldfimar gufur þegar þær eru hitaðar. Haltu eldi eða hituðum hlutum fjarri fitu og olíu þegar þú notar þær við matreiðslu.
- Gufur sem mjög heit olía losar geta valdið fyrirvaralausum bruna.
- Notuð olía, sem getur innihaldið matarleifar, getur valdið eldsvoða við lægra hitastig en olía sem er notuð í fyrsta skipti.
- Settu ekki eldfim efni eða hluti sem eru blautir af eldfimum efnum í, nálægt, eða á heimilistækið.

⚠ AÐVÖRUN! Hætta á skemmdum á heimilistækini.

- Ekki skal hafa heit eldunaráhöld á stjórnborðinu.
- Settu ekki heitt þönnulok á gleryfirborð helluborðsins.
- Ekki láta eldunaráhöld sjóða þangað til að bau þorna.
- Gættu þess að hlutir eða eldunaráhöld detti ekki á heimilistækið. Yfirborð tækisins getur skemmst.


- Ekki skal virkja eldunarhellurnar með tóumum eldunaráhöldum eða án eldunaráhalsa.
- Ekki láta álpappír ofan á heimilistækið.
- Eldunaráhöld sem eru gerð úr steyptu járni, áli eða sem eru með ójafnan botn geta rispað glerið/ glerpostulínið. Alltaf skal lyfta þessum hlutum upp þegar þú þarf að fára þá til á eldunarhellunum.
- Betta heimilistæki er eingöngu til að matreiða með. Ekk má nota það í öðrum tilgangi, til dæmis að hita herbergi.

Umhirða og hreinsun

- Hreinsaðu heimilistækið reglulega til að yfirborðsefnin á því endist betur.
- Slökktu á heimilistækinu og láttu það kólna fyrir hreinsun.
- Notaðu ekki vatnsúða og gufu til að hreinsa heimilistækið.
- Hreinsaðu tækið með rökum og mjúkum klút. Notaðu aðeins mild þvottaefni.

Uppsetning

Almennar upplýsingar



Notaðu ekki rispandi efni, stálull, leysiefnir eða málmhhluti.


Þjónusta

- Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að gera við heimilistækið.
- Notaðu eingöngu upprunalega varahluti.

Förgun

⚠ AÐVÖRUN! Hætta á meiðslum eða köfnun.

- Hafðu samband við bæjaryfirvöld til að fá upplýsingar um hvernig að farga heimilistækinu á réttan hátt.
- Aftengdu tækið frá rafmagni.
- Klipptu rafmagnssnúruna af upp við heimilistækið og fargaðu henni.



- ⓘ Uppsetningarferlið þarf að vera í samræmi við lög, samþykktir, tilskipanir og staðla (reglur og reglugerðir um öryggi rafmagns, rétta endurvinnslu í samræmi við reglugerðir o.s.frv.) sem gilda í notkunarlandinu!
- Til að fá frekari upplýsingar um uppsetningu vísast til samsetningarleiðbeininganna.

Tenging við rafmagn

- ⚠ **AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.
- ⚠ **AÐVÖRUN!** Allar rafmagnstengingar verða að vera gerðar af viðurkenndum uppsetningaraðila.

Rafmagnstenging


- Áður en þú tengir skaltu athuga að málspenna heimilistækisins sem sýnd er á merkiplötunni samsvari tiltækri afhendingarspennu. Merkiplatan er staðsett neðarlega á ytra byrði eldunarhellunnar.
- Fylgdu tengingarteikningunni (henni er komið fyrir undir yfirborði klæðningar helluborðsins).
- Notaðu aðeins upprunalega varahluti sem varahlutabjónusta útvegar.
- Rafmagnssnúra fylgir ekki með heimilistækinu. Kauptu rétta snúru frá

- Ef það er enginn ofn undir helluborðinu skaltu setja sérstakt spjald undir heimilistækið í samræmi við samsetningarleiðbeiningarnar.
- Ekki nota sílíkonþéttiefni á milli heimilistækisins og vinnuborðsins.

sérhæfðum söluaðila. Eins-fasa eða tveggja-fasa tenging útheimtr rafmagnssnúru með að lágmarki 70°C hitastöðugleika. Snúra þarf að vera með lögbundnar endamúffur. Samkvæmt IEC-reglugerðum skal nota fyrir eins-fasa tengingu: $3 \times 4 \text{ mm}^2$ rafmagnssnúru og fyrir tveggja-fasa tengingu: $4 \times 2,5 \text{ mm}^2$ rafmagnssnúru. Vinsamlegast virtu sem fyrsta forgang sérstakar reglugerðir landsins.


- Þú verður að hafa möguleika á aftengingu sem er innbyggður í föstu lagnirnar.
- Við tengingu við rafmagn og uppsetningu tengileiðslna verður þú að fara eftir tengingarteikningunni.
- Jarðtengingarleiðslan er tengd við skaut og verður að vera lengri en leiðslur sem bera rafstraum.
- Festu tengisnúruna með snúrusmellum eða -klemmum.

Skýringarmynd tenginga



i Settu hliðargreinarnar á milli skrúfanna eins og sýnt er.

Aðal-rafmagnstenging 1-fasa Aðal-rafmagnstenging 2-fasa **NL** Aðal-rafmagnstenging 2-fasa



Litir á vírum:

	Gulur / grænn
N	Blár
L	Svartur eða brúnn

Litir á vírum:

	Gulur / grænn
N	Blár
L1	Svartur

L2 Brúnn

Litir á vírum:



	Gulur / grænn
N	Blár
L	Svartur

L Brúnn

i Hertu skrúfurnar á skautunum tryggilega!


Þegar þú tengir helluborðið við rafmagn skaltu athuga hvort allar eldunarhellurnar séu tilbúnar til notkunar. Settu pott með dálitlu vatni á eldunarhelluna og settu afstillinguna fyrir hverja hellu á hámarksstyrk í stuttan tíma.

i Ef táknið eða kvíknar á skjánum eftir að þú kveikir á helluborðinu í fyrsta sinn skaltu skoða „Bilanaleit“.




Vörulýsing

Uppröðun eldunarhellina



- 1** Stök eldunarhella (210 mm) 2300 W, með aflauka Booster 3200 W
- 2** Stök eldunarhella (180 x 210 mm) 2300 W, með aflauka Booster 3200 W
- 3** Stök eldunarhella (180 x 210 mm) 2300 W, með aflauka Booster 3200 W
- 4** Stjórnborð
- 5** Sveigjanlegt spansuðusvæði (440 x 220 mm), með aflauka Booster 3600 W

Útlit stjórnborðs



- 1** ① Að kveikja / slökkva á heimilistækinu.
- 2** ☰ Til að virkja og afvirkja Læsing / Barnalæsing / Hreinsunarhamur.
- 3** 🔍 Til að virkja og afvirkja Forstillt eldun.
- 4** ⚡️⚡️⚡️ Til að skipta á milli Multi-Flexi-hama.
- 5** Til að sýna aflstillinguna.
- 6** Til að sýna fyrir hvaða hellu þú stillir tímann.
- 7** Skjár tímastillis: 00 - 99 mínútur.
- 8** 🔍 Til að virkja og afvirkja Bridge.
- 9** || Til að virkja Hlé.
- 10** **BOOST** Til að virkja Booster.
- 11** Til að stilla aflstillingu: 0 - 9.
- 12** ② Til að velja Tímmamælir-aðgerðir.
- 13** + / — Til að auka eða minnka tímann.
- 14** Til að sýna aflstillinguna fyrir sveigjanlega spansuðusvæðið.

Aflstillingarskjáir

Skjár	Lýsing
□	Slökkt er á eldunarhellunni.
□ - 9	Eldunarhellan gengur.
□	Hlé gengur.
P	Booster gengur.
E + tala	Það er bilun. Sjá „Bilanaleit“.
H	Eldunarhella er ennþá heit (afgangshiti).
L	Læsing / Barnalæsing / Hreinsunarhamur gengur.
F	Rangt eða of lítið eldunaráhald eða ekkert eldunaráhald á eldunarhellunni.
-	Sjálfkrafa slökkt á gengur.

Skjár	Lýsing
<input type="checkbox"/> / <input type="checkbox"/> / <input type="checkbox"/>	Forstíllt eldun hamur gengur.

Vísir fyrir afgangshita

AÐVÖRUN! Hætta á bruna vegna afgangshita! Eftir að þú slekkur á heimilistækinu tekur það eldunarhellurnar nokkurn tíma að kólna. Líttu á vísinn sem sýnir afgangshita [H].

Notaðu afgangshita til að bræða og halda mat heitum.

Dagleg notkun

① Kveikt / slökkt

Snertu ① í 1 sekúndu til að kveikja / slökkva á heimilistækinu.

Sjálfkrafa slökkt á

Aðgerðin slekkur sjálfkrafa á heimilistækinu ef:

- allar eldunarhellur eru óvirkar.
- þú stillir ekki eftir að þú kveikir á eldavélinni.
- þú þekur eitthvert tákni með hlut (þönnu, tusku, o.p.h.) í meira en ca. 10 sekúndur.
- þú slekkur ekki á eldunarhellu að viðum tíma liðnum, eða breytir ekki afstillingunni, eða hellan ofhitnar (t.d. þegar vöki á þönnu sýður alveg niður).

Táknið kvíknar. Áður en þú notar hana aftur verður þú að stilla eldunarhelluna á .

Ef notað er eldunarílát sem hentar ekki kvíknar á skjánum og eftir 2 mínútur afvirkast vísirinn fyrir eldunarhelluna.

Aflstillingin lagfærð

Snertu afveljarann á óskaðri afstillingu. Lagfærðu til vinstri eða hægri, ef nauðsyn krefur. Ekki sleppa fyrri en þú ert komin(n) á óskaða afstillingu.



Aðgerðin Booster notuð

Aflauka aðgerðin Booster færir viðbótarafli til spanhellanna. Snertu **BOOST** til að virkja hana, kvíknar á skjánum. Eftir að hámarki 10 mínútur snúa spanhellurnar sjálfvirkt aftur í afstillinguna .

Afstilling	Sjálfslokknun eftir
<input type="checkbox"/> - <input type="checkbox"/>	6 klukkustundir
<input type="checkbox"/> - <input type="checkbox"/>	5 klukkustundir
<input type="checkbox"/>	4 klukkustundir
<input type="checkbox"/> - <input type="checkbox"/>	1,5 klukkustundir

Bridge aðgerð


Aðgerðin tengir tvær eldunarhellur hægra megin og þær starfa sem ein. Stilla fyrst afstillinguna fyrir aðra eldunarhelluna.

Til að virkja aðgerðina skaltu snerta [L]. Til að stilla eða breyta afstillingunni skal snerta eitt táknið.

Til að afvirkja aðgerðina skaltu snerta .
Eldunarhellurnar starfa þá sjálfstætt.

⌚ Tímastillir notaður

Snertu  endurtekið þar til vísir fyrir óskaða  eldunarhellu leiftrar. Til dæmis  fyrir fremri helluna til hægri.



Snertu  eða  á tímastillinum til að stilla tímann á milli **00** og **99** mínútur. Þegar vísir eldunarhellunar leiftrar hægar telur tíminn niður. Stilltu aflstillinguna.

Ef aflstillingin er stillt og tíminn er liðinn heyrist hljóðmerki, **00** leiftrar og það slokknar á eldunarhellunni. Ef eldunarhellla er ekki í notkun og tíminn sem stillt var á er liðinn heyrist hljóðmerki og **00** leiftrar.

Snertu  til að slökkva á aðgerðinni fyrir valda eldunarhellu og vísirinn fyrir þá eldunarhellu leiftrar hraðar. Snertu  og tíminn sem eftir er er þá talinn aftur á bak til **00**. Vísirinn fyrir eldunarhelluna slokknar.

Hlé

Aðgerðin setur allar eldunarhellur sem eru í gangi á lægstu aflstillingu . Þegar aðgerðin er í gangi er ekki hægt að breyta aflstillingunni. Aðgerðin stöðvar ekki tímastillisaðgerðina.

- Til að virkja þessa aðgerð skaltu snerta . Tákníð  kviknar.
- Til að afvirkja þessa aðgerð skaltu snerta . Aflstillingin sem þú stilltir áður kviknar.

Læsing / Hreinsunarhamur

Þú getur læst stjórnborðinu og látið eldunarhellurnar ganga. Það kemur í veg fyrir að aflstillingunni sé breytt fyrir slynsi.

-  Notaðu aðgerðina til að hreinsa yfirborð helluborðsins meðan á eldunarlötunni stendur, ef nauðsyn krefur.

Stilltu fyrst aflstillinguna.

Til að hefja aðgerðina skaltu snerta .

Tákníð  kviknar í 4 sekúndur. Tímastillirinn helst í gangi.

Til að stöðva aðgerðina skaltu snerta .

Aflstillingin sem þú stilltir áður kviknar.

Þegar þú slekkur á heimilistækinu stöðvar þú einnig þessa aðgerð.

Barnalæsing

Þessi aðgerð kemur í veg fyrir að heimilistækið sé sett í gang fyrir slynsi.

Til að virkja aðgerðina.

- Kveiktu á heimilistækinu með . Stilltu ekki aflstillinguna.
- Snertu  í 4 sekúndur. Tákníð  kviknar.
- Slökktu á heimilistækinu með .

Til að afvirkja aðgerðina.

- Kveiktu á heimilistækinu með . Stilltu ekki aflstillinguna. Snertu  í 4 sekúndur. Tákníð  kviknar.
- Slökktu á heimilistækinu með .

Til að hnekkja barnalæsingunni í aðeins eitt eldunarskipti:

- Kveiktu á heimilistækinu með . Tákníð  kviknar.
- Snertu  í 4 sekúndur. Stilltu aflstillinguna á 10 sekúndum. Þú getur notað heimilistækið.
- Þegar þú slekkur á heimilistækinu með  vinnur aðgerðin aftur.

OffSound Control - Hljóðmerkin virkjuð og afvirkjuð

Hljóðmerkin afvirkjuð

Slökktu á heimilstækinu.

Snertu ① í 3 sekúndur. Skjárnir kvikna og slokkna. Snertu ② í 3 sekúndur. ③ kviknar, kveikt er á hljóðinu. Snertu +, ④ kviknar, slökkt er á hljóðinu.

Þegar þessi aðgerð er í gangi, heyrir þú hljóðmerkin einungis þegar:

- þú snertir ①
- þú setur eitthvað á stjórnborðið.

Hljóðmerkin virkjuð


Slökktu á heimilstækinu.

Snertu ① í 3 sekúndur. Skjárnir kvikna og slokkna. Snertu ② í 3 sekúndur. ③ kviknar, vegna þess að slökkt er á hljóðinu. Snertu +, ④ kviknar. Kveikt er á hljóðmerkjum.

Aflskiptiaðgerð

- Eldunarhellur eru flokkaðar í samræmi við staðsetningu og fjölda fasa í helluborðinu. Sjá skýringarmyndina.

- Hver fasi er með 3700 W hámarks rafmagnshleðslu.
- Aðgerðin skiptir aflinu á milli eldunarhellanna sem tengdar eru við sama fasa.
- Aðgerðin fer í gang þegar heildar rafmagnshleðsla eldunarhellanna sem tengjast einum fasa fer umfram 3700 W.
- Aðgerðin minnkar afl hinna eldunarhellanna sem tengdar eru við sama fasa.
- Aflstillingarbirting lækkuðu hellanna breytist milli tveggja stiga.



Sveigjanlegt spansuðusvæði

⚠ AÐVÖRUN! Sjá kafla um Öryggismál.


Multi-Flexi hamur

Sveigjanlega spansuðusvæðið samanstendur af fjórum hlutum. Hægt er að sameina hlutana í tvær eldunarhellur af mismunandi stærð eða í eitt stórt eldunarsvæði. Þú velur blöndu hlutanna með því að velja viðeigandi ham fyrir stærð eldunaráhaldsins sem þú vilt nota. Það eru þrír hamir: Multi-Flexi hamur 2 + 2 hlutar (virkjaðir sjálfvirkt þegar þú kveikir á helluborðinu), Multi-Flexi hamur 3 + 1 hlutar og Multi-Flexi hamur 4 hlutar.

(i) Til að stilla aflstillinguna skaltu nota afluveljarana tvo til vinstri.

Skipt á milli hamanna

Til að skipta á milli hamanna skal nota tákn: ①②③.




(i) Þegar þú skiptir á milli hamanna er afstillingin stillt aftur á **0**.

Þvermál og staða eldunaráhaldanna


Veldu haminn sem á við stærð og lögun eldunaráhaldsins. Eldunaráhaldið ætti að þekja valda svæðið eins vel og mögulegt er. Settu eldunaráhaldið í miðjuna á valda svæðinu!

Settu eldunaráhald með þvermál botns minna en 160 mm í miðjuna á einum hluta.



i **100-160mm**


Settu eldunaráhald með þvermál botns meira en 160 mm í miðjuna á milli tveggja hluta.




i **> 160 mm**

Multi-Flexi hamur 2 + hlutar



Þessi hamur er virkur þegar þú kveikir á helluborðinu. Hún tengir hlutana í tvær aðskildar eldunarhellur. Þú getur stillt afstillinguna fyrir hverja hellu sérstaklega. Notaðu afveljarana tvo til vinstri hliðar.



Rétt staða eldunaráhalds:




Röng staða eldunaráhalds:



Multi-Flexi hamur 3 + 1 hlutar


Til að virkja haminn skaltu ýta á þar til þú sérð réttan hamvísi. Þessi hamur tengir þrjá aftari hluta í eitt eldunarsvæði. Fremri hlutinn einn er ekki tengdur og virkar sem aðskilin eldunarhella. Þú getur stillt aflstillinguna fyrir hverja hellu sérstaklega. Notaðu aflveljarana two til vinstri hliðar.



Rétt staða eldunaráhalds:


Til að nota þennan ham verður þú að setja eldunaráhaldið á tengdu hlutana þrjá. Ef þú notar eldunaráhald sem er minna en tveir hlutar sýnir skjárinn og eftir 2 mínútur slokknar á hellunni.

Röng staða eldunaráhalds:




Multi-Flexi hamur 4 hlutar

Til að virkja haminn skaltu ýta á þar til þú sérð réttan hamvísi. Þessi hamur tengir alla hlutana í eina eldunarhella. Til að stilla aflstillinguna skaltu nota annan aflveljarann vinstra megin.




Rétt staða eldunaráhalds:

Til að nota þennan ham verður þú að setja eldunaráhaldið á tengdu hlutana fjóra. Ef þú notar eldunarálát sem er minna en þrír hlutar sýnir skjárinn **F** og eftir 2 mínútur er hellan afvirkjuð.



Röng staða eldunaráhalds:




Forstíllt eldun hamur

Þessi aðgerð gerir þér kleift að aðlaga hitastigið með því að færa eldunaráhaldið í aðra stöðu á spansuðusvæðinu.

Aðgerðin skiptir spansuðusvæðinu í þrjú svæði með mismunandi aflistungum. Helluborðið skynjar stöðu eldunaráhaldra og stillir aflistungarnar í samræmi við stöðuna.


Þú getur sett eldunaráhald í fremri, miðju-eða aftari stöðu. Ef þú setur eldunaráhaldið fremst færð þú hæstu aflistungu. Þú getur minnkað aflistunguna með því að færa eldunaráhaldið í miðjuna eða aftari stöðuna.

- Notaðu aðeins einn pott þegar þú notar aðgerðina.




Almennar upplýsingar:

- 160 mm er lágmarksþvermál á botni eldunaráhalds fyrir þessa aðgerð.
- Aflistungarskjár fyrir vinstri aflveljarann að aftan sýnir stöðu eldunaráhaldsins á spansuðusvæðinu. Framan **I-**, miðja **I**, aftan **I+**.



- Aflistungarskjár fyrir vinstra aflveljara að framan sýnir aflistunguna. **Til að breyta aflistungunni skaltu nota vinstri aflveljarann að framan.**
- Pegar þú virkjar aðgerðina í fyrsta skipti færðu aflistungingu **G** fyrir framstöðuna, **B** fyrir miðstöðuna og **E** fyrir afturstöðuna.



Þú getur breytt aflstillingunum fyrir hverja stöðu sérstaklega. Helluborðið man aflstillinguna næst þegar þú kveikir á aðgerðinni. Ef rafmagnslaust er mun helluborðið endurreisa sjálfgefnar stillingar aðgerðarinna.

I-
9

I-
6

I-
3

Aðgerðin virkjuð

Til að virkja aðgerðina skaltu setja eldunaráhaldið í rétta stöðu á eldunarsvæðinu. Snertu . Vísirinn fyrir ofan táknið kvíknar. Ef þú setur ekki eldunaráhaldið á eldunarsvæðið kvíknar og eftir 2 mínútur er sveigjanlega spansuðusvæðið stillt á .

Aðgerðin afvirkjuð

Til að afvirkja aðgerðina skaltu snerta eða stilla afstillinguna á . Vísirinn fyrir ofan táknið slokknar.

Leiðarvísir um eldunarílát

AÐVÖRUN! Sjá kafla um Öryggismál.

Hvaða potta á að nota

Aðeins skal nota eldunarílát sem henta fyrir spanhellubord. Eldunarílátin verða að vera gerð úr jánsegulmögnum efni, eins og:

- steypujárn;
- glerungshúðuðu stáli;
- stáli með kolefnisinnihaldi;
- ryðfríu stáli (flestar tegundir);
- áli með jánsegulmagnaðri húð eða jánsegulmagnaðri plótu.

Til að ákvarða hvort pottur eða panna er viðeigandi skaltu athuga með táknið (venjulega stimplað á botninn á eldunarílátinu). Þú getur einnig haldið segli að botnnum. Ef hann loðir við virkar eldunarílátin á spanhelluborðinu.

Til að tryggja bestu skilvirkni skaltu alltaf nota potta og pönnur sem flötum botni sem dreifa hitanum jafnt. Ef botninn er ójafn hefur það áhrif á afl- og hitaleiðni.

Hvernig á að nota

Lágmarksþvermál undirstöðu potts / pönnu fyrir mismunandi eldunarsvæði

Til að tryggja að helluborðið virki rétt verða eldunarílátin að vera með hentugt lágmarksþvermál, ásamt því að hylja einn eða fleiri af viðmiðunarpunktunum sem gefnir eru til kynna á yfirborði helluborðsins.

Notaðu alltaf eldunarhellur sem best samsvara þvermáli botnins á eldunarílátunum.

Eldunarhella	Þvermál eldunaríláts [mm]
Sveigjanlegt spansuðusvæði	100 ¹⁾
Framan í miðju	125 - 210
Aftan til hægri	125 - 180
Framan til hægri	125 - 180

1) Lágmarksþvermál undirstöðu potts / pönnu fyrir einfalt val.

Tómir pottar / pönnur, eða með þunnum botn

Notaðu ekki tóma potta / pönnur eða eldunarílát með þunnum botni á helluborðinu þar sem það mun ekki geta vakað hitastigið, eða það slekkur á sér sjálfkrafa ef hitastigið er of hátt. Þetta kann að leiða til skemmda á eldunarílátinu eða yfirborði helluborðsins. Ef slíkt aðstaða kemur upp skaltu ekki snerta neitt og bíða þess að allir hlutir kólni.

Ef villuskilaboð birtast skaltu skoða „Bilanaleit“.

Umhirða og þrif

Almennar upplýsingar

- ⚠ AÐVÖRUN!** Slökktu á heimilistækinu og láttu það kólna áður en þú hreinsar það.
- ⚠ AÐVÖRUN!** Af öryggisástæðum skal ekki hreinsa heimilistækið með gufusprauturum eða háþrystihreinsibúnaði.
- ⚠ AÐVÖRUN!** Oddhvassir hlutir og ætandi hreinsiefni skemma heimilistækið. Hreinsaðu heimilistækið og fjarlægðu leifarnar með vatni og uppbvottalegi eftir hverja notkun. Fjarlægðu einnig hreinsiefnaleifarnar.
- i** Rispur eða dökkir blettir á keramíklerinu sem ekki er hægt að fjarlægja hafa ekki áhrif á virkni heimilistækisins.

Bilanaleit

- ⚠ AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.

Vísbendingar / ábendingar Hávaði meðan á eldun standur

Þegar kveikt er á eldunarhellu kann hún að suða í stutta stund. Þetta er einkenni á öllum keramíklerhellum og hefur hvorki áhrif á virkni né líftíma heimilistækisins. Hávaðinn fer eftir eldunarílátinu sem notað er. Ef það veldur umtalsverðri truflun kynni að hjálpa að skipta um eldunarílát.

Leifar og prálát óhreinindi fjarlægð:

Fjarlægja ætti matvæli sem innihalda leifar af sykri, plasti eða álfilmu samstundis. Skafa er besta verkfærið til að hreinsa glerflötinn. Hún fylgir ekki með heimilistækinu. Láttu sköfuna halla aðeins og fjarlægðu leifarnar af yfirborði helluborðsins með því að renna blaðinu eftir yfirborðinu. Hreinsaðu heimilistækið með rókum klút og uppbvottalegi. Þurkaðu að lokum glerflötinn með hreinum klút. Kalkhringi, vatnshringi, fitusleittur og gljáandi málmenndu aflatun ætti að fjarlægja eftir að heimilistækið hefur kólnað. Notaðu aðeins sérstakt hreinsiefni fyrir glerkeramik eða ryðfrítt stál.

Hvað skal gera ef...

Vandamál	Hugsanleg orsök	Úrræði
Þú getur ekki kveikt á heimilistækinu eða notað það.	Helluborðið er ekki tengt við rafmagn eða tengingin er röng.	Athugaðu hvort helluborðið sé rétt tengt við rafmagnsgjafann. Sjá skýringarmynd tenginga.
	Öryggi hefur sprungið.	Gakktu úr skugga um að öryggi sé orsök bilunarinnar. Ef öryggið springur aftur og aftur skal hafa samband við viðurkenndan uppsetningaráðila.
	Þú stilltir ekki afstillinguna á innan við 10 sekúndum.	Kveiktu aftur á helluborðinu og stilltu afstillinguna á minna en 10 sekúndum.
	Þú snertir tvö eða fleiri tákni á sama tíma.	Ýttu aðeins á eitt tákni í einu.
	Hlé gengur.	Sjá „Dagleg notkun“.
	Það er vatn eða fitublettir á stjórnborðinu.	Hreinsaðu stjórnborðið og bíddu í nokkrar sekúndur áður en þú virkjar aftur.
Hljóðmerki heyrist og það slokknar á helluborðinu. Hljóðmerki heyrist þegar slokknar á helluborðinu.	Þú settir eitthvað á eitt eða fleiri tákni á stjórnborðinu.	Taktu hlutinn af táknum.
Heimilistækið slekkur á sér.	Þú setur eitthvað á táknið ①.	Taktu hlutinn af táknum.
Vísir fyrir afgangshita kvíknar ekki.	Hellan er ekki heit því að hún var bara notuð í stuttan tíma.	Ef hellan var notuð nægilega lengi til að verða heit skaltu tala við eftirsölupjónustu.
Afstillingin breytist milli tveggja stiga.	Aflskiptiaðgerð gengur.	Sjá „Dagleg notkun“.
Táknið verða heit.	Eldunarílátið er of stórt eða þú setur það of nálægt stillingu.	Settu stór eldunarílát á aftari hellurnar ef hægt er.
Það kemur ekkert merki þegar þú snertir tákni á stjórnborðinu.	Merkin hafa verið afvirkjuð.	Virkjaðu merkin. Sjá „Dagleg notkun“.

Vandamál	Hugsanleg orsök	Úrræði
Sveigjanlega spansuðusvæðið hitar ekki upp eldunarílát-ið.	Eldunarílátið er í rangri stöðu á sveigjanlega spansuðusvæðinu.	Settu eldunarílátið í rétta stöðu á sveigjanlega spansuðusvæðinu. Staða eldunaríláts fer eftir virkjaðri aðgerð eða aðgerðarstillingu. Sjá „Sveigjanlegt spansuðusvæði“.
	þvermál botnsins á eldunarílátinu er rangt fyrir virkjaða aðgerð eða aðgerðarstillingu.	Notaðu eldunarílát með viðeigandi þvermál fyrir virkjuðu aðgerðina eða aðgerðarstillingu. Notaðu eldunarílát sem er minna en 160 mm í þvermál á einn hluta sveigjanlega spansuðusvæðisins. Sjá „Sveigjanlegt spansuðusvæði“.
<input type="checkbox"/> kvíknar.	Sjálfkrafa slökkt á gengur.	Slökktu á helluborðinu og kveikuðu á því aftur.
<input type="checkbox"/> kvíknar.	Barnalæsing eða Læsing gengur.	Sjá „Dagleg notkun“.
<input checked="" type="checkbox"/> kvíknar.	það er ekkert eldunarílát á hellunni.	Settu eldunarílát á helluna.
	Eldunarílátið er ekki rétt.	Notaðu rétt eldunarílát. Skoðaðu „Leiðarvísir um eldunarílát“.
	þvermál botns eldunarílát-sins er of lítið fyrir helluna.	Notaðu eldunarílát með réttu máli. Skoðaðu „Leiðarvísir um eldunarílát“.
	það er ekkert eldunarílát á hellunni eða hellan er ekki hulin til fulls.	Settu eldunarílát á helluna svo að það hylji eldunarhelluna til fulls.
	Multi-Flexi hamur gengur. Eldunarílátið nær ekki yfir einn eða fleiri hluta aðgerðarhamsins sem er í gangi.	Settu eldunarílátið á réttan fjölda hluta af aðgerðarhamnum sem er í gangi eða breyttu um aðgerðarham. Sjá „Sveigjanlegt spansuðusvæði“.
	Forstillt eldun hamur gengur. Tveir pottar eru á sveigjanlega spansuðusvæðinu.	Notaðu bara einn pott. Sjá „Sveigjanlegt spansuðusvæði“.

Vandamál	Hugsanleg orsök	Úrræði
<input type="checkbox"/> og númer kvíknar.	Það er villa á helluborðinu.	Aftengdu helluborðið frá rafmagnsinntakinu í svolitla stund. Aftengdu öryggið frá rafkerfi hússins. Tengdu það aftur. Ef <input type="checkbox"/> kvíknar aftur skal tu tala við viðurkenndan uppsetningaraðila.
<input checked="" type="checkbox"/> kvíknar.	Það er villa á helluborðinu vegna þess að pottur sauð og þornaði. Sjálfkrafa slökkt á og ofhitunavörni fyrir hellurnar gengur.	Slökktu á helluborðinu. Fjarlægðu heita eldunarílatíð. Eftir um það bil 30 sekúndur skaltu virkja helluna aftur. Ef vandamálið fólst í eldunarílatinu slokknar á villuboðinu. Visir fyrir afgangshita má loga. Leyfðu eldunarílatinu að kólna nægilega. Athugaðu hvort eldunarílatíð er samhæft helluborðinu. Skoðaðu „Leiðarvísir um eldunarílat“.

Ef það er bilun skaltu reyna að leysa úr henni með því að fylgja leiðbeiningum bilanaleitar. Ef ekki er hægt að leysa úr vandamálinu skaltu hafa samband við IKEA-verslunina eða eftirsölujónustu. Þú getur fundir fullan lista yfir útnefnda tengiliði IKEA í lok þessarar notandahandbókar.

 Ef þú notaðir heimilistækið á rangan hátt eða það var ekki sett upp af viðurkenndum uppsetningaraðila, er mögulegt að greiða þurfi fyrir heimsókn frá tæknimanni eftirsölujónustu eða söluaðila, jafnvel þó að heimilistækið sé enn í ábyrgð.

Tæknigögn

Merkiplata

Country of origin © Inter IKEA Systems B.V. 1999 000.000.00 21552 IKEA of Sweden AB SE - 343 81 Älmhult	 Design and Quality IKEA of Sweden PQM	Model 00000000 Typ 60 GAD DC AU 7.35kW PNC 000 000 000 00 S No 220V-240V AC 50-60 Hz    	
--	--	--	--

Myndefnið að ofan þjónar því hlutverki að tákna merkiplötu heimilistækisins. Raunverulega merkiplatan er staðsett neðan á rammanum. Raðnúmerið er einstakt fyrir hverja vöru.

Kæri viðskiptavinur, geymdu viðbótarmerkiplötuna með notandahandbókinni. Það mun gera okkur kleift að aðstoða þig betur með því að auðkenna helluborðið þitt nákvæmlega ef þú

þarfst á aðstoð að halda í framtíðinni. Þakka þér fyrir hjálpinu!

Orkunýtni

Vöruupplýsingar í samræmi við EU 66/2014

Auðkenning gerðar		BLIXTSNABB 604-678-30
Tegund helluborðs		Innbyggt helluborð
Fjöldi eldunarsvæða		2
Fjöldi eldunarhella		1
Hitunartækni		Spansuða
Þvermál kringlóttra eldunarhella (Ø)	Framan í miðju	21,0 cm
Orkunotkun á hverja eldunarhella (ON rafmagnseldun)	Framan í miðju	190,8 Wh / kg
Lengd (L) og breidd (B) eldunarsvæðisins	Vinstri	L 45,6 cm B 21,6 cm
Lengd (L) og breidd (B) eldunarsvæðisins	Hægri	L 37,8 cm B 21,6 cm
Orkunotkun eldunarsvæðisins (EC electric cooking)	Vinstri	187,0 Wh / kg
Orkunotkun eldunarsvæðisins (EC electric cooking)	Hægri	194,9 Wh / kg
Orkunotkun helluborðsins (EC electric hob)		190,9 Wh / kg

EN 60350-2 - Rafmagnseldunartæki til heimiliðsnota - 2. hluti: Helluborð - Aðferðir til að mæla frammistöðu

Orkusparnaður

Þú getur sparað orku við daglega eldamennsku ef þú fylgir neðangreindum ábendingum.

- Þegar þú hitar vatn skaltu aðeins nota það magn sem þú þarfast.

- Ef mögulegt er skaltu alltaf setja lokin á eldunaráhöldin.
- Áður en þú virkjar eldunarhelli skaltu setja eldunaráhöld á hana.
- Settu minni eldunaráhöld á minni eldunarhellur.
- Settu eldunaráhöld beint á miðjuna á eldunarhellunni.
- Notaðu afgangshitann til að halda matnum volgum eða til að bræða hann.

Umhverfismál

Endurvinna þarf öll efni merkt táknuinu  . Setjið umbúðirnar í viðeigandi sorpílát til endurvinnslu. Leggið ykkar að mörkum til verndar umhverfinu og heilsu manna og dýra og endurvinnið rusl sem fylgir raftækjum og raftrænum búnaði. Hendið

ekki heimilistækjum sem merkt eru með táknuinu  í venjulegt heimilisrusl. Farið með vöruna í næstu endurvinnslustöð eða hafið samband við sveitarfélagið.

IKEA-ÁBYRGÐ

Hvað gildir IKEA-ábyrgðin lengi?

Ábyrgðin er í gildi í 5 ár frá kaupdegi vörunnar í IKEA. Framvísa þarf upprunalegu söluvittuninni til sönnunar á kaupunum. Ef gert er við heimilistækið á meðan það er í ábyrgð, fram lengir það ekki ábyrgðartíma tækisins,

Hver sér um þjónustuna?

Þjónustuaðili IKEA veitir þjónustuna í gegnum eigin viðgerðarþjónustu eða samþykktu samstarfsviðgerðarþjónustu.

Hvað nær þessi ábyrgð yfir?

Ábyrgðin nær yfir bilanir á heimilistækinu, sem orsakast af göllum í smíði þess eða efniviði frá þeim degi sem það var keypt hjá IKEA. Þess ábyrgð gildir eingöngu fyrir heimilisnotkun. Undantekningarnar eru taldar upp undir fyrirsögninni "Hvað nær þessi ábyrgð ekki yfir?" Innan ábyrgðartímans nær ábyrgðin yfir kostnað af viðgerð vegna bilunar, þ.e. viðgerðir, varahluti, vinnu og ferðir, að því tilskildu að heimilistækið sé aðgengilegt til að gera við án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglugr ESB (Nr. 99/44/EG) og reglugerðir hlutaðeigandi lands. Íhlutir sem teknir eru úr þegar skipt er um íhluti verða eign IKEA.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandamálið?

Þjónustuaðili, skipaður af IKEA, mun skoða vöruna og taka einn ákvörðun um það hvort þessi ábyrgð nái yfir hana. Ef ábyrgðin telst nái yfir heimilistækið mun þjónustuaðili IKEA

eða samþykkt samstarfsfyrirtæki annað hvort gera við gölluðu vöruru eða skipta henni fyrir sömu eða sambærilega vöru, og er ákvörðun um það alfarið í þeirra höndum.

Hvað nær þessi ábyrgð ekki yfir?

- Venjulegt slit.
- Skemmdir af ásettu ráði eða vegna vanrækslu, skemmdir vegna þess að notkunarleiðbeiningum hefur ekki verið fylgt, skemmdir vegna rangrar uppsetningar eða vegna þess að tengt er við ranga rafspennu, skemmdir sem stafa af efnafræðilegum eða rafefnafræðilegum viðbrögðum, ryði, tæringu eða vatni, þar með talið en ekki eingöngu skemmdir sem stafa af miklu kalki í vatni og skemmdir sem stafa af óeðlilegum umhverfisaðstæðum.
- Hluti sem eyðast eins og rafhlöður og perur.
- Hluti sem hafa enga virkni eða eru eingöngu til skrauts og hafa ekki áhrif á venjulega notkun tækisins, þar með taldar rispur og hugsanlegan litamun.
- Skemmdir sem verða fyrir slysni vegna aðskotahluta eða -efna, hreinsunar eða losunar stíflna í síum, frárennsliskerfum eða sápuhólfum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: keramíkleri, aukahlutum, leirtaus- og hnífaparakörfum, aðrennslis- og frárennslisrörum, þéttum, perum og peruhlífum, skjáum, hnöppum, hlífum og hlifapörtum. Nema sannanlegt sé skemmdirnar séu tilkomnar vegna framleiðslugalla.

- Tílfelli þegar tæknimaður skoðar heimilistækið og finnur engan galla.
 - Viðgerðir ekki framkvæmdar af þjónustuaðilum skipuðum af okkur og/eða samþykkum þjónustuaðila sem við eignum samning við eða notaðir hafa verið varahlutir sem ekki eru upprunalegir.
 - Viðgerðin er tilkomin vegna uppsetningar sem var röng eða ekki í samræmi við tæknílysingu.
 - Notkun heimilistækisins annars staðar en inni á heimilinu, þ.e. í atvinnuskyni.
 - Skemmdir við flutninga. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir hugsanlegum skemmdum sem verða við flutningana.
- Hins vegar ef IKEA afhendir vöruna á afhendingarheimilisfang viðskiptavinarins, þá nær þessi ábyrgð yfir skemmdir sem verða við flutningana.
- Kostnað við að setja upp IKEA-heimilistækið í fyrsta sinn. Hins vegar ef þjónustuaðili IKEA eða samþykkt samstarfsviðgerðarþjónusta gerir við eða skiptir heimilistækinu samkvæmt skilmálum þessarar ábyrgðar, mun þjónustuaðilinn eða samþykkt samstarfsviðgerðarþjónustan setja heimilistækið aftur upp eftir viðgerðina eða setja upp nýja heimilistækið, ef með þarf.

Þessi takmörkun á ekki við um verk sem unnið er án mistaka af sérhæfðum aðila með tilskilin réttindi sem notar upprunalega varahluti okkar, í þeim tilgangi að aðlagu heimilistækið að tæknilegum öryggiskröfum annars ESB-lands.

Hvernig landslögin gilda

IKKEA-ábyrgðin veitir þér tiltekin lagaleg réttindi, sem samræmast eða ná út fyrir kröfur í viðkomandi landi. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt réttindi neytenda sem lýst er í lögum viðkomandi lands.

Gildissvæði

Fyrir heimilistæki sem keypt eru í einu ESB-landi og síðan flutt til annars ESB-lands gildir þessi þjónusta innan ramma þeirra ábyrgðarskilmála sem teljast eðlilegir í nýja landinu. Skuldbinding til að gera við heimilistækið innan ramma ábyrgðarinnar er eingöngu til staðar ef heimilistækið samræmist og er sett upp í samræmi við:

- tæknikrörur landsins þar sem ábyrgðarkrafan er gerð;
- samsetningarleiðbeiningarnar og öryggisupplýsingarnar í notendahandbókinni;

Sérstök eftirsölujónusta (After Sales Service) fyrir IKEA-heimilistæki:

EKKI hika við að hafa samband við eftirsölujónustu IKEA til að:

1. óska eftir viðgerð sem þessi ábyrgð nær yfir;
2. fá leiðbeiningar um hvernig að setja IKEA-heimilistækið inn í til þess ætlaða IKEA-eldhúsinnréttingu. Þjónustan veitir ekki nánari leiðbeiningar í tengslum við:
 - uppsetningu á IKEA-eldhúsi í heild;
 - tengingu við rafmagn (ef kló og snúra fylgia ekki með tækinu) eða við vatn eða gas, þar sem samþykktur viðgerðaraðili þarf að sjá um slíkar tengingu.
3. óska eftir nánari útskýringu á efni notendahandbókarinnar eða tæknílysingu IKEA-heimilistækisins.

Til þess að við getum aðstoðað þig sem best skaltu lesa samsetningarleiðbeiningar og/eða notendahandbókarhluta þessa bæklings vandlega áður en þú hefur samband við okkur.

Leiðir til að ná í okkur ef þú þarf nást aðstoðar



Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla tengiliði á vegum IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

- ⓘ Til þess að geta veitt þér hraðari þjónustu mælum við með því að þú notir eingöngu símanúmerin sem gefin eru upp aftast í þessari handbók. Notaðu alltaf númerin sem gefin eru upp í bæklingnum fyrir það tiltekna heimilistæki sem þú þarf aðstoð fyrir. Áður en þú hringir í okkur skaltu vera viss um að hafa handtækt IKEA-vörunúmerið (8 talna kóða) og raðnúmerið (8 talna kóða sem finna má á merkiplötunni) fyrir heimilistækið sem þú þarf aðstoð okkar við.

ⓘ GEYMDU SÖLUKVITTUNINA!


Hún er þín staðfesting á kaupunum og skilyrði þess að ábyrgðin gildi. Athugaðu að á kvittuninni sést jafnframt IKEA-vöruheiti og -númer (8 stafa talnaruna) hvers heimilistækis sem þú keyptir.

Parftu frekari hjálp?

Til að fá svör við öðrum spurningum sem ekki tengjast eftirsöluþjónustu heimilistækisins þíns skaltu hringja í þjónustusíma næstu IKEA-verslunar. Við mælum með að lesa bæklingana sem fylgdu heimilistækinu áður en þú hefur samband við okkur.

Country	Phone number	Call Fee	Opening time
België	070 246016	Binnenlandse gesprekskosten	8 tot 20 Weekdagen
Belgique		Tarif des appels nationaux	8 à 20. En semaine
България	00359888164080 0035924274080	Такса за повикване от страната	От 9 до 18 ч в работни дни
Česká Republika	246 019721	Cena za místní hovor	8 až 20 v pracovních dnech man. - fre. 09.00 - 20.00 lør. - sön. 09.00 - 18.00
Danmark	7015 09 09	Landstakst	
Deutschland	+49 1806 33 45 32*	* 0,20 €/Verbindung aus dem Festnetz max. 0,60 €/Verbindung aus dem Mobilfunknetz	Werktag von 8.00 bis 20.00
Ελλάδα	211 176 8276	Υπεραστική κλήση	8 έως 20 κατά τις εργάσιμες ημέρες
España	91 1875537	Tarifa de llamadas nacionales	De 8 a 20 en días laborables
France	0170 36 02 05	Tarif des appels nationaux	9 à 21. En semaine
Hrvatska	003851 6323 339	Trošak poziva 27 lipa po minuti	radnim danom od ponedjeljika do petka od 08:00 do 16:00
Ireland	0 14845915	National call rate	8 till 20 Weekdays
Ísland	5880503	Innanlandsgjald fyrir síma	9 til 18. Virka daga
Italia	02 00620818	Tariffa applicata alle chiamate nazionali	dalle 8 alle 20 nei giorni feriali
Κύπρος	22 030 529	Υπεραστική κλήση www.ikea.com	8 έως 20 κατά τις εργάσιμες ημέρες
Lietuva	5 230 06 99	Nacionalinių pokalbių tarifai	Pr. - Ketv.: 8:00 - 12:00, 12:45 - 17:00 Pnkt.: 8:00 - 12:00, 12:45 - 15:45
Magyarország	06-1-252-1773	Belföldi dijszabás	Hétköznap 8.00 és 17.00 óra között
Nederland Luxembourg	0900 - 235 45 32 (0900-BEL IKEA) 0031 - 50 316 8772 (internationaal)	Geen extra kosten. Alleen lokaal tarief.	ma-vr: 8.00 - 21.00 zat: 9.00 - 21.00 zon / pub. vakantie: 10.00 - 18.00
Norge	22 72 35 00	Takst innland	8 til 20 ukedager
Österreich	+43-1-2056356	max. 10 Cent/min.	Mo - Fr 8.00 - 20.00 Uhr
Polska	801 400 711	Stawka wg taryfy krajowej	Od 8 do 20 w dni robocze
Portugal	211557985	Chamada Nacional	9 às 21. Dias de Semana *excepto feriados
România	021 211 08 88	Tarif apel național	8 - 20 în zilele lucrătoare
Россия	8 495 6662929	Действующие телефонные тарифы	с 8 до 20 по рабочим дням Время московское
Schweiz	031 5500 324	Tarif für Anrufe im Bundesgebiet	8 bis 20 Werkstage
Suisse		Tarif des appels nationaux	8 à 20. En semaine
Svizzera		Tariffa applicata alle chiamate nazionali	dalle 8 alle 20 nei giorni feriali
Slovensko	(02) 3300 2554	Cena vnútroštátneho hovoru	8 až 20 v pracovných dňoch
Suomi	030 6005203	Lankapuhelinverkosta 0,0835 €/puhelu + 0,032 €/min Matkapuhelinverkosta 0,192 €/min	arkipäivisin 8.00 - 20.00
Sverige	0775 700 500	lokalsamtal (lokal taxa)	mån-fre 8.30 - 20.00 lör-sön 9.30 - 18.00
Україна	044 586 2078	Міжміські дзвінки платні	9 - 21 В робочі дні
United Kingdom	020 3347 0044	National call rate	9 till 21. Weekdays
Србија	+381 11 7 555 444 (ако позивате изван Србије) 011 7 555 444 (ако позивате из Србије)	Цена позива у националном саобраћају	Понедељак - субота: 09 - 20 Недеља: 09 - 18
Eesti, Latvija, Slovenija		www.ikea.com	

86758093-A-092020



CE

© Inter IKEA Systems B.V. 2020

21552

AA-2221078-1